

Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands  
20.-21. árg. 2016, bls. 103–111

Pétur Tyrfingsson

## Sálfræðiritið í 25 ár: Horft til fortíðar, nútíðar og framtíðar

**S**álfræðiritið hefur komið út í aldarfjórðung. Á afmælisári er við hæfi að líta yfir farinn veg, draga lærdóma og horfa fram á veginn. Forvitnilegt er að skoða aðdraganda ritsins og blaða í *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands* árin á undan. Þar hefjast ræðurnar og því næst fjalla ég um hvernig útgáfu *Sálfræðiritisins* hefur vegnað í aldarfjórðung og hvaða sjónarmið hafa ráðið för. Að lokum viðra ég hugmynd um hvert hlutverk *Sálfræðiritisins* ætti að vera í framtíðinni. Greinin byggist ekki á sagnfræðilegum vinnubrögðum heldur lauslegri könnun heimilda sem eru við hendina. Tilgangurinn er sá einn að hvetja til umræðu og skoðanaskipta.

### Fréttabréfið 1987-1989

Sálfræðingafélagið var stofnað 1954 og voru sálfræðingar örfáir næstu tvo áratuginna og vafalaust flestir málkunnugir hver öðrum. Ekki var um mynduga fagstétt að ræða og vísir að henni varla til. Kennsla hófst til BA-prófs við Háskóla Íslands 1971 og útskrifuðust fyrstu stúdentarnir 1974. Sálfræðingar sem héldu til framhaldsnáms eftir próf hér heima komu æ fleiri til baka og hösluðu sér völlum á starfsvettvangi bæði á stofnunum og einkastofum. Fjölgar þeim mjög á „gulu síðum” símaskrárinnar milli 1980 og 90 (Jörgen Þind, 2003). Innan sálfræðingafélags bárust upplýsingar ekki lengur milli fólks í daglegri umgengni. Þess vegna hóf *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands* göngu sína 1979. Ný kynslóð sálfræðinga flutti heim með sér nýja síði og vinnubrögð sem lítil hefð var fyrir í íslenskri sálfræði (til dæmis fræðilegar

skriftir eftir alþjóðlegri fyrirmynd). Hún tók líka þátt í að móta þá sálfræðipjónustu sem frumkvöðlarnir höfðu komið á fót. Við því var að búast að hinum ungu sálfræðingum lægi töluvert á hjarta og hefðu þörf til að ræða fagleg og fræðileg málefni. Arnór Hannibalsson sem þá var formaður Sálfræðingafélagsins hvatti yngri sálfræðinga eindregið til fræðilegs metnaðar. *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands* sem ritari félagsins stýrði var breytt með 3. tbl. 9. árgangs 1987 þannig að sérstakur ritstjóri var nú kosinn í samræmi við breytingu á félagslögum. Sigurður J. Grétsson varð fyrir valinu og með honum í ritnefnd voru Einar Guðmundsson og Garðar Víborg. Ein tilgreind ástæða þessarar breytingar var sú að ritari var sagður hafa nóg fyrir á sinni könnu en aukin tilefni til fræðilegrar samræðu var þó líklega það sem úrslitum réði. Í leiðara segir:

Í öðru lagi hafa margir félagar lýst áhuga sínum á því að efla fréttabréfið, helst þannig að það yrði vettvangur fræðilegra skrifa, og mundi með tímanum verða að öflugu tímariti. Slíkar breytingar gerast ekki á einni nóttu, en þó virðist eðlilegt að vísir að slíku riti hafi sjálfstæða ritstjórn.

Ritnefndin hugsaði sér greinilega að safna efni af kappi og glæða umræðu: „Í ráði er að um sinn verði í hverju blaði framsögugrein um málefni sem er ofarlega á dagskrá meðal sálfræðinga og síðan umræða um þá grein.” Enn fremur: „Von okkar er að umræða af þessu tagi verði gagnleg og fróðleg auk þess sem hún efli blaðið sem vettvangur skoðanaskipta og gagnrýnnar umfjöllunar.” Fyrsta framsögugreinin af þessu

tagi birtist í þessu þriðja tölublaði fréttabréfsins 1987 og fjallaði um sálfræðiþjónustu í skólum (Gretar Marínósson, 1987). Fylgdu greininni 5 andsvör sem höfundur brást við. Í þessu fyrsta tölublaði í breyttri mynd birtist einnig grein um rannsókn á fíkniefnavanda unglinga (Einar Gylfi Jónsson, 1987). Segja leiðarahöfundar af því tilefni:

Ritnefnd vill að blaðið verði í auknum mæli vettvangur fyrir rannsóknarskýrslur og helst þannig að þær verði ritdæmdar og fólk geti talið sér til tekna lengi á eftir að hafa birt hér greinar. En enn um sinn munum við líklega eiga það undir lipurð og góðvild höfunda hvort þeir birti niðurstöður rannsókna sinna í blaðinu.

Hér birtast áform um ritrýni. Einnig glittir í þá trú að spurn sé eftir birtingu efnis eða samkeppni sé um birtingarvettvang. Treyst er á lipurð og góðvild höfunda að fara ekki með efnið annað.

Árið 1988 komu út tvö tölublöð Fréttabréfsins. Þrjár sálfræðingar skrifuðu framsögugrein um störf sálfræðinga fyrir barnaverndaryfirvöld (Guðjón Bjarnason, Sigurður Grétarsson, & Garðar Víborg, 1988) og 6 andsvör birtust ásamt viðbragði höfunda. Sem oftast voru sálfræðileg próf í deigluinni á þessum tíma. Fræðslunefnd félagsins stóð fyrir námsstefnu um efnið snemma árs 1988. Í öðru tölublaði *Fréttabréfsins* skrifaði Guðmundur Arnkelsson (1988) einmitt framsögugrein um sálfræðileg próf og aftur fylgdu andsvör auk viðbragða höfundar. Einnig skrifaði Einar Guðmundsson (1988) sérstaka grein um taugasálfræðilega prófun barna uppúr erindi sínu á áður nefndri námsstefnu.

Á framhaldsaðalfundi Sálfræðingafélagsins í júní 1989 var samþykkt með lagabreytingum að gefa út sérstakt tímarit. Það ár kom því síðasta tölublað *Fréttabréfsins* út í hinni breyttu mynd. Í því birtist framsögugrein sem fjallaði ekki um störf eða vinnubrögð sálfræðinga eins og áður heldur MBD (minimal brain damage) (Evald Sæmundsen, 1989) með 7 andsvörum ásamt viðbragði höfundar. Þar var einnig yfirlitsgrein um fræðilegt hugtak (Jakob Smári,

1989) og rannsóknargrein um starfsánægju kvenna (Sölvína Konráðs, 1989).

Ýmislegt fleira birtist athyglisvert í *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands* þessi þrjú ár. Í þremur af fjórum tölublöðum var þáttur sem hét „Spurt og svarað“ þar sem sálfræðingum bauðst að spyrja tiltekna sálfræðinga um ákveðin efni og var svarað um Luria-Nebraska prófið svokallaða, líftemprun (bio-feedback) og dáleiðslu. Einnig voru nokkur dæmi þess að skrifað var um fræðibækur sem sálfræðingar vildu vekja athygli á. Í hverju fréttabréfi var einnig eitthvað frá stjórn eða formanni sem hefur nú sögulegt heimildagildi.

Rétt er að huga að lærdómum af þessum sögulega aðdraganda *Sálfræðiritisins*. Fyrst blasir við að sálfræðingar höfðu burði til faglegrar og málefnaeðrar umræðu. Ef þannig var ástatt 1987 hefur það varla breyst nema til batnaðar 2016. Annað sem hafa ber í huga er að tíðarandi þessara ára var nokkuð annar en sá sem nú grúfir yfir. Á sjöunda, áttunda og fram eftir öllum níunda áratugnum stundaði fólk meira félagslíf og á öðrum forsendum en nú á dögum. Almennt var meira líf í hvers kyns samtökum og félögum. Þessi tíðarandi auk kappsemi sem jafnan fylgir nýgræðingum lá að baki þeim krafti sem kom að nokkru fram í *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands* 1987-9. Einhvers konar hópefli þurfti til. Lærdómurinn er þessi: *Sálfræðiritið* mun ekki eflast og endurnýjast nema félagslegur eldmóður finnist og verði virkjaður. Þriðji lærdómurinn felst í fordæminu. Í *Sálfræðiritinu* má gjarnan kalla eftir og birta framsögugreinar. Einnig mætti skrifa um athyglisverðar bækur eins og þá. Það var einn háttur á því að tengja sálfræðinga við alþjóðlega umræðu og er engu minni ástæða til að gera það nú.

## Sálfræðiritið fyrstu þrjú árin 1990-1992

Hafi það verið þjóðráð að diplómatinn Sigurður J. Grétarsson væri ritstjóri *Fréttabréfsins* á reynslutímanum blasti við að nákvæmnismaðurinn Einar Guðmundsson væri gerður að ritstjóra hins nýja *Sálfræðiritis* enda mikill áhugamaður um fyrirtækið.

Fyrsta tölublað *Sálfræðiritsins* kom út 1990. Áður en ritstjórinn ræðir alvörumálin getur hann um aðdraganda tímaritsins:

[S]ú breyting [hafði] orðið á útgáfumálum félagsins að Fréttabréf SÍ varð að mestu leyti vettvangur greinaskrifa um sálfræði. Eitt af markmiðum þeirrar útgáfu var að vera undanfari að útgáfu tímarits um sálfræði. Sá tími var mikilvægur prófsteinn á það hvort tímabært væri að gefa út tímarit í sálfræði á íslensku. Það var síðan mat fráfarandi ritnefndar Fréttabréfsins að svo væri og samþykktu félagsmenn að leggja út þann kostnað sem þessu fylgir. Reynolds núverandi ritnefndar bendir ótvírætt til þess að þetta mat hafi verið rétt.

Ritstjórinn skilgreinir hlutverk *Sálfræðiritsins* og þýðingu þess:

Sálfræðiritið á að vera vettvangur vandaðrar umræðu um sálfræði. Það er von ritnefndar tímaritsins að allir þeir sem vilja koma rannsóknarniðurstöðum sínum á framfæri og fræðilegri umfjöllun um sálfræði finnist tímaritið bæði virðulegur og verðugur vettvangur slíkrar umfjöllunar. Stefna ritnefndar er að fjalla faglega um hverja grein sem ritinu berst og veita höfundum efnis gagnlegar ábendingar og leiðsögn við að uppfylla kröfur ritnefndar. Það er óhjákvæmilegt að slíkt vinnulag leiði til þess að einhverjum greinum verði hafnað ef ætlunin er að skapa þann vettvang sem vitnað er til hér að ofan.

Ástæða þótti til að gera ráð fyrir að sálfræðingar þyrftu leiðsögn til að standast faglegar kröfur um formlegan frágang gr eina. Faglegur metnaður leyndi sér ekki og boðar ritstjórinn útgáfu handbókar um frágang, form og vinnulag og vill kanna hvort enskir útdrættir einstakra greina hljóti náð fyrir útbreiddum erlendum uppsláttarritum. Þá var netið ekki komið með öllum sínum gagnaböndum og leitarvélum heldur gefin út rit með útdráttum eins og *Psychological Abstracts*. Í þá daga lágu menn dögum saman yfir slíkum ritum við leit sem nú tekur eina til tvær klukkustundir á netinu. „Takist [að fá útdrætti birta] mun ritið væntanlega verða enn eftirsóknarverðara fyrir þá sem þurfa að koma rannsóknarniðurstöðum

á framfæri.” Mér sýnist á þessu að mat manna á aðstæðum hafi verið að í landinu væru sálfræðingar sem hefðu yfir að ráða rannsóknarniðurstöðum og væru að svipast um eftir vettvangi og gera þyrfti *Sálfræðiritið* eftirsóknarvert.

Eins og komið hefur fram gerði ritstjórinn ráð fyrir að þurfa að hafna greinum og hefur vafalaust vísað greinum á bug fyrir hið fyrsta tölublað. Ef ekki þá hlýtur hann að hafa tekist á við það í útgáfu annars tölublaðs 1991 en þar segir hann um höfnun greina:

Ritnefnd hefur þurft að hafna þó nokkrum greinum sem hafa borist með beiðni um birtingu. Í öllum tilvikum hefur það verið gert með ítarlegum faglegum röksemdum. Í sumum tilvikum hefur höfundum þessara greina verið boðið að endurvinnna þær og senda inn að nýju til umsagnar í næsta árgangi *Sálfræðiritsins*. ... Það er ritnefnd aldrei gleðiefni að þurfa að hafna ritmið sem send er til birtingar. En það er hlutverk ritnefndar að tryggja gæði greina og vandaða umfjöllun um fræðileg efni í *Sálfræðiritinu*. Viðmið ritnefndar er að greinar í *Sálfræðiritinu* standist samanburð við greinar um hliðstæð efni í vönduðum erlendum fræðiritum. Það er óhjákvæmilegt að hafna greinum ef ritnefnd á að ná þessu markmiði og rækja skyldur sínar við lesendur ritsins.

Ég giska á að ritstjóri hafi fengið kvartanir um að ýmislegt ætti erindi í ritið þó að það stæðist ekki kröfur ritnefndar. Það er væntanlega í því samhengi sem kynntur er nýr efnisflokkur, *málstofa*, sem skilgreind er á eftirfarandi hátt:

Þessi hluti ritsins er ætlaður fyrir stuttar athugasemdir eða ábendingar um fagleg efni innan sálfræðinnar. Sálfræðingum og öðrum er eindregið bent á að notfæra sér þennan vettvang fyrir hugleiðingar sínar um sálfræðileg efni. Þessi skrif eru ekki send til umsagnar eins og annað efni ritsins. Ritnefnd sér alfarið um frágang á þessu efni í samvinnu við höfunda.

Þetta er ekki sams konar efni og framsögugreinar voru forðum með andsvörum í *Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands*. Annað skref frá allsherjarritrýningu var að gefa færi á athugasemdum við efni *Sálfræðiritsins* í lesendabréfum:

Fyrirhugað er að birta bréf frá lesendum ritsins til ritstjórnar um innihald greina eftir því sem þau berast. Enn hefur það ekki gerst. Það er von ritnefndar að úr rættist, þannig að ritið verði lifandi vettvangur fræðilegrar umræðu um sálfræði hérlendis. Ætlunin er að birta andsvör greinarhöfunda samtímis hugsanlegri fræðilegri gagnrýni sem kæmi fram í bréfum til ritnefndar.

Fordæmi um „málstofu“ birtist strax í þessu öðru tölublaði sem var um túlkun prófa. Mátti þá vera ljóst hvað átt var við með „málstofu“. Engin önnur grein hefur birst undir þessum málstofuhatti í *Sálfræðiritinu* og ekkert lesendabréf hefur borist hingað til.

Þriðja tölublað *Sálfræðiritsins* kom út eins og gert var ráð fyrir 1992. Þar með heppnaðist útgáfan og ekki annað að sjá en áætlanir hafi gengið upp. Þetta var síðasta tölublaðið undir ritstjórn Einars Guðmundssonar. Síðar meir kvörtuðu ritstjórnar í rituðu og töluðu máli, persónulega og opinberlega yfir skorti á efni og tregðu sálfræðinga til skriftanna. En ekki í ritstjórnargrein þriðja árgangs *Sálfræðiritsins*:

Vandasamast við útgáfu af þessu tagi er að tryggja lágmarkskröfur um fræðileg efnistösk. Þessu fylgir höfnun efnis sem getur verið tafsamnt við útgáfu. Hins vegar er betri kostur að vera trúr slíkri ritstefnu á kostnað þess að ritið komi ávallt út á réttum tíma.

Ritstjórinn hafði þá fremur áhyggjur af takmörkuðum gæðum en litlu magni efnis.

### Sálfræðiritið 1993-2005

Einvers konar kreppa sótti að *Sálfræðiritinu* því eftir að það kom út þrjú ár í röð 1990-1992 kom ekkert tölublað út 1993. Einar Guðmundsson lét af störfum um þetta leyti og Júlíus K. Björnsson tók við ritstjórninni. Eitt tölublað kom út 1994 sem var 4. og 5. árgangur. Mikill hugur var í mönnum og kom *Handbók Sálfræðiritsins* út 1995 sem ritstjóri hafði boðað (Einar Guðmundsson og Júlíus Björnsson, 1995). Þetta var heilmikið rit sem lagði reglur um frágang og form handrita. Það er engu líkara en *Sálfræðiritið* hafi verið rotað með þessari handbók því hlé verður á útgáfu

þess í heil fimm ár 1995-1999. Margir hefðu gengið frá sökkvandi skipi. Það gerði Júlíus ekki og mega sálfræðingar þakka honum fyrir það. Árið 2000 kom *Sálfræðiritið* loks út að nýju og næstu sex ár 2000-2005 tókst að koma út fjórum tölublöðum (2002 og 2005). Útgáfa *Sálfræðiritsins* var með öðrum orðum barningur og streð.

Kveður nú við annan tón hjá ritstjóra í fjórða tölublaði sem var sameinaður 4. og 5. árgangur þegar seinkun útgáfunnar er útskýrð. Vandinn snýst um magn, ekki gæði:

Ýmsar ástæður liggja þar að baki, svo sem upptaka virðisaukaskatts á útgáfustarfsemi... en einnig hefur því miður ekki verið um auðugan garð að gresja við efnisöflun ritsins.

Í ritstjórnargrein árið 2000 eftir fimm ára Þyrnirósarsvefn skrifar Júlíus ritstjóri aftur um dráttinn á útgáfu *Sálfræðiritsins*:

Fyrir þessu eru nokkrar ástæður, en helstar eru þær að mikill skortur hefur verið á efni fyrir ritið, að mjög erfiðlega hefur gengið að fá endurskoðaðar greinar aftur frá höfundum eftir yfirlestur og að erfitt hefur oft og tíðum verið að fá einstaklinga til þess að taka að sér að lesa yfir greinar fyrir ritið og að sú vinna hefur tekið mikinn tíma. ... (J)afnframt hefur komist á vítahringur þar sem höfundar hafa eflaust hikað við að senda ritinu efni, þar sem útgáfunni hefur seinkað svo, sem aftur hefur valdið enn frekari seinkun og svo framvegis. Þennan vítahring er mikilvægt að rjúfa.

Lærdómurinn var að tryggja skyldi að tímaritið kæmi út örugglega og fyrirsjáanlega á hverju vori.

Þetta skiptir sérstaklega miklu máli fyrir þá sem byggja nám sitt, framgang í starfi og hugsanlegt framhaldsnám, á því að geta gefið út vandaðar greinar á íslensku í ritrýndu fagtímariti. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt stígakerfi háskólakennara fá greinar í ritinu hæstu mögulegu einkunn.

Færri greinar (en því betri að mati ritstjóra) komu í sjöunda árgangi 2001. En framboð efnis var svo lítið að útgáfan féll niður 2002. Í

áttunda árgangi 2003 er efninu skipt í ritrýndar og óritrýndar greinar. Ritstjórinn segir:

Sú nýbreytni er nú tekin upp að birta óritrýndar greinar og pistla og er það efni aðgreint sérstaklega í ritinu. Síðasta haust voru þau boð látin út ganga til allra sálfræðinga að möguleiki væri að birta í ritinu efni sem ekki færi í hefðbundna ritrýningu og var það ætlun ritnefndar að auðvelda með þessu birtingu efnis sem kannski uppfyllti ekki þau ströngu skilyrði sem ritrýningin setur. Því miður urðu undirtektirnar ekki sérlega miklar, en gera má ráð fyrir því að þær verði betri í næstu árgöngum ... En rétt er að leggja áherslu á, að öllum sem hafa áhuga á að skrifa um sálfræðileg málefni er fjálfst að senda óritrýnt efni til ritsins og metur ritnefnd í hverju tilviki hvort viðkomandi efni hentar ritinu. Því er rétt að hvetja enn og aftur þá sem hafa í fornum sínum efni um sálfræðileg málefni sem ekki hentar fyrir hið hefðbundna ritrýningarferli, að senda það til ritsins.

Júlíus kveður sálfræðiritið 2004. Þar segir hann að oft hafi verið mjög erfitt að fá nægilegt efni til útgáfunnar en það hafi farið hægt batnandi en jafnframt áberandi að efnið sem borist hafi væri vandaðra.

### Sálfræðiritið á liðnum áratug

Árið 2005 féll útgáfa *Sálfræðiritisins* enn einu sinni niður. Ragnar Pétur Ólafsson tók við ritstjórninni haustið 2005 og náði að koma því út árið eftir. Í ritstjórnargrein leggur hann áherslu á nauðsyn samfellu í útgáfunni en jafnframt hnykkir hann á að *Sálfræðiritið* eigi að vera opið fyrir efni af mörgu tagi. Tókst nú að koma út fimm tölublöðum fimm ár í röð 2006-2010.

Ýmislegt má læra af útgáfunni þessi fimm ár því tekin voru upp ýmis nýmæli. Frá og með tólfta árgangi 2007 var ákveðið að *Sálfræðiritið* kæmi út á haustin en ekki á vorin eins og áður. Líklega greiddi þetta fyrir samfellu í útgáfunni. Útdrættir fylgdu á ensku eins og áður en nú var ákveðið að efnisorð (keywords)

fylgdu greinum að hætti virðulegra tímarita. Þá var ákveðið að birta útdrætti lokaverkefna kandidate- og meistaranema í sálfræði til þess að lesendur geti „fylgst betur með því rannsóknarstarfi sem unnið er af kennurum og nemendum á háskólastigi í sálfræði á Íslandi.”<sup>1</sup> Annað nýmæli var að kalla eftir efni um sérstök viðfangsefni og var auglýst eftir greinum um þunglyndi í þessum árgangi. Afraksturinn var nokkur eins og kom fram í 13. árgangi 2008. Þá skrifaði Ragnar ritstjórnargrein sem var nokkur nýbreytni þar sem hann fjallaði um þema tölublaðsins – þ.e.a.s. um þunglyndi og meðferð þess. Önnur velheppnuð tilraun kom fram í 14. árgangi 2009. Þá sagði ritstjórinn í grein:

Boðsgreinar hafa lengi tíðkast í erlendum ritum í sálfræði þar sem afkastamiklum fræðimönnum er gefinn kostur á að kynna viðfangsefni rannsókna sinna eða fjalla um tiltekin málefni sem tengjast því.

Fyrsta greinin af þessu tagi í *Sálfræðiritinu* var samantekt um réttarsálfræði á Íslandi (Jón Friðrik Sigurðsson & Gísli Guðjónsson, 2009). Í því tölublaði var ekki sérstakt þema eins og árið áður en þó var boðað þema næsta árgangs og auglýst eftir efni um „þroska og líðan barna og unglínga”. Afraksturinn kom fram í næsta árgangi 2010 þar sem þrjár greinar af fjórum fjölluðu einmitt um þetta þema. Kvaddi nú Ragnar *Sálfræðiritið* þegar það var 20 ára.

Á þessum árum var gripið til nokkuð virkari aðgerða til að afla efnis. Það heppnaðist að auglýsa eftir og vinna að því að efni væri skrifað um sérstök viðfangsefni. Og fordæmi var skapað með því að kalla eftir boðsgrein. Þarna má sækja hugmyndir vilji menn bæta *Sálfræðiritið*.

María K. Jónsdóttir tók nú við og undir hennar forystu komu út fjögur tölublöð 2011-2014. Þar með tókst að gefa út *Sálfræðiritið* á hverju ári nú ár í röð sem verður að teljast merkur áfangi í sögu þess. Í fyrstu

<sup>1</sup> Þessu var hætt 2014 án þess að gera aðrar ráðstafanir til að halda þessum upplýsingum til haga. Verður það að teljast bagalegt.

ritstjórnargrein Maríu 2011 segir hún að engar breytingar hafi verið gerðar á starfsháttum nema leyfi stjórnar sálfræðingafélagsins hafi fengist fyrir því að birta stöku greinar á ensku. Þetta leyfi ætti að afturkalla því nóg er af tímaritum sem koma út á ensku.

Í tíð Maríu jókst hlutur hins óríttrýnda efnis og þar undir hafa aðallega birst minningargreinar um sálfræðinga og umsagnir um bækur sem komið hafa út á íslensku um sálfræðileg efni. En þar eru líka tvær greinar sem gjarnan hefðu mátt vera framsögugreinar með athugasemdum. Önnur er rafræn könnun prófanefndar á mælitækjum og prófum sem sálfræðingar eru að nota (Inga Hrefna Jónsdóttir o. fl., 2013) og grein um sálfræðinga í fjölmiðlum (Sigurður Grétarsson, 2012). Sálfræðingar hafa mikið um þetta að segja og mörgum mikið niðri fyrir eins og allir vita.

### Efni Sálfræðiritisins og ritstjórnarstefna

Þegar blaðið er í *Sálfræðiritinu* er hægt að skipta greinum gróflega sex flokka eftir því um hvað þær fjalla eins og sjá má í 1. töflu : 1) Próffræði. 2) Tilraunir. 3) Íhlutun. 4) Faraldursathuganir. 5) Kannanir. 6) Umræða. Sé gætt að hlutföllunum er ljóst að almennur skilningur og þegjandi samkomulag hefur verið um að „vandað fræðilegt efni” er einkum greinar þar sem sýslað er með staðtölugögn. Líklega er þetta ósýnilegi fíllinn í stofunni okkar (þ.e. eitthvað sem enginn ákvað, enginn vill og ekki var með ráðum gert) sem varnar aufúsgestum inngöngu. Ef einhver ástæða er til að gefa út fræðilegt tímarit á íslensku hlýtur það að vera rit sem leggur áherslu á annars konar efni. Hafa ber í huga að á alþjóðlegum vettvangi eru sérhæfð tímarit sem þjóna öðrum þörfum en vera birtingarvettvangur fyrir skýrslur. Má þar nefna *Annual Review of Psychology* og *Clinical Psychology Review*. Við höfum fyrst og fremst þörf fyrir fræðilega og faglega umræðu ásamt fræðslu eða upplýsingu. Það er fullreynt að Sálfræðiritið getur ekki nærst á því sem hingað til hefur verið helsta fódrið. Í 1. töflu má sjá að þegar útgáfu *Sálfræðiritisins* er deilt niður á fimm ára

tímabil hefur greinum nánast ekkert fjölgað með tímanum – framleiðnin er í kringum 30 greinar á hverju fimm ára tímabili, á tíma þegar sálfræðingum og sálfræðirannsóknum vex þó mjög fiskur um hrygg. Hvert hafa afurðirnar leitað? Að mestu í alþjóðleg tímarit.

### Lífsskilyrði Sálfræðiritisins

Alla tíð hefur þurft að berjast fyrir lífi *Sálfræðiritisins*. Fyrstu fimmtán árin voru barningur. Síðustu ár hefur vissulega tekist að gefa út ritið á hverju ári – en langt frá því þrautalaust. Má geta sér til um nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi eru *sálfræðingar fáir á Íslandi*. Flestir þeirra hafa lært til fagsins og stunda það í fullri vinnu en ekki fræðistörf. Í annan stað fylgir fámenninu og smæðinni auðvitað *fábreytilegt fræðalíf*. Hér var aðeins grunnnám í sálfræði þar til 1999 og þótt framhaldsnám skapi ýmis tækifæri nýttast þau ekki ritinu nema stöðugildum á sviði akademíu og fræða fjölgi. Í rauninni er það súrealískt að tekist hafi að hleypa *Sálfræðiritinu* af stokkunum þegar stéttin taldi 150 manns. Þriðji veruleikinn sem *Sálfræðiritið* þarf að búa við er eðlileg, æskileg og óhjákvæmileg samkeppni við alþjóðleg tímarit. Skýringin á því að fjölgun sálfræðinga hefur ekki skilað sér í fleiri greinum í tímaritið er ekki að rannsóknum hafi ekki vaxið fiskur um hrygg. Þessar greinar hafa einfaldlega verið birtar í alþjóðlegum tímaritum. Í fjórða lagi kann *Sálfræðiritið* að hafa liðið fyrir samkeppni við aðra miðla í landinu og má þar nefna *Rannsóknir í félagsvísindum*, *Læknablaðið* og ef til vill fleiri tímarit.

### Hvert ætti hlutverk Sálfræðiritisins að vera?

Sálfræðingar þurfa að spyrja sig hvers konar tímarit þeir þurfa að gefa út á íslensku. Stærstur hluti rannsóknargreina með staðtölugögnum sem skrifaðar eru á Íslandi eiga líklega erindi í alþjóðleg tímarit. Reynslan leiðir í ljós að slíkt staðbundið efni nægir ekki til að halda úti *Sálfræðiritinu* sem áhugaverðu tímariti. Sálfræðiritið ætti að vera tímarit sálfræðinnar

**1. tafla.** Fjöldi greina og viðfangsefni þeirra í Sálfræðiritinu 1990-2014

Árgangur	Fjöldi greina	Próffræði	Tilraunir	Íhlutun	Faraldursathuganir	Kannanir	Umræða
1990	7	3	0	0	0	2	2
1991	8	3	0	1	2	1	1
1992	8	2	2	0	0	2	2
1993	0	0	0	0	0	0	0
1994	7	2	2	0	0	0	2
1995	0	0	0	0	0	0	0
1996	0	0	0	0	0	0	0
1997	0	0	0	0	0	0	0
1998	0	0	0	0	0	0	0
1999	0	0	0	0	0	0	0
2000	9	1	0	0	2	4	2
2001	5	5	0	0	0	0	0
2002	0	0	0	0	0	0	0
2003	7	4	1	0	1	0	1
2004	15	8	0	1	2	1	3
2005	0	0	0	0	0	0	0
2006	8	4	2	2	0	0	0
2007	6	3	0	0	2	0	1
2008	12	4	1	1	1	2	3
2009	9	4	1	1	2	0	0
2010	4	2	0	0	0	2	0
2011	8	4	0	3	0	0	1
2012	6	0	1	2	0	2	1
2013	6	5	0	1	0	0	0
2014	7	2	0	1	1	0	3
Samtals:	132	56	10	13	13	16	22
%	100	42	7,6	9,8	9,8	12,1	16,7

sem þjónar starfandi sálfræðingum bæði núverandi og tilvonandi. Hér eru uppástungum um helstu verkefni til að rækja þetta hlutverk:

*Sálfræðiritið á að birta niðurstöður rannsókna sem hafa staðbundið gildi*

Sálfræðiritið á ekki að vera almennur vettvangur íslenskra sálfræðinga til að koma rannsóknarniðurstöðum sínum á framfæri hverjar svo sem þær kunna að vera. Hvetja ber sálfræðinga til að senda alþjóðlegum tímaritum rannsóknargreinar sem þangað eiga erindi. Aftur á móti getur *Sálfræðiritið* verið vettvangur fyrir skýrslur af rannsóknum sem hafa staðbundið gildi. Mikið af efni *Sálfræðiritsins* hingað til hefur einmitt verið slíkar skýrslur – einkum um sálfræðileg próf og kvarða. Einnig hafa birst greinar um ýmsar athuganir á líðan og vandamálum einstakra hópa í samfélaginu. Efni af þessu tagi verður aldrei pantað af ritstjórn. Það verður einfaldlega til í námi og starfi. Aðeins er hægt að hvetja til þess að sálfræðingar komi niðurstöðum sínum á framfæri í stað þess að láta þær gleymast í lokaritgerðum eða skjalageymslum stofnana.

*Sálfræðiritið á að örva fræðilega hugsun og umræðu.*

Þær greinar má telja á fingrum annarrar handar sem birst hafa í *Sálfræðiritinu* sem örva fræðilega hugsun og umræðu. Það mega teljast firn mikil að ekki hefur birst neitt í *Sálfræðiritinu* sem á rætur sínar að rekja til umræðna meðal sálfræðinga í námi og starfi síðastliðin ár.

*Sálfræðiritið á að tengja íslenska sálfræðinga við alþjóðlega umræðu.*

Sálfræðingarnir sem eiga að lesa *Sálfræðiritið* eru fyrst og fremst starfandi sálfræðingar sem eru alla daga uppteknir við bústörfin. Eigi þeir að fylgjast með alþjóðlegri umræðu á sínu sviði eða almennt þurfa þeir reglulega að hafa auga með nokkrum tímaritum jafnóðum og þau

koma út, skoða framboð akademískra forlaga á nýjum bókum ár hvert ásamt því að sækja ráðstefnur að minnsta kosti annað hvert ár. Mér er til efs að sálfræðingar geri þetta. Þeir komast ekki yfir þetta. Í besta falli gerist þetta í stuttum skorpum. Til þess að örva sálfræðinga til að fylgjast með og halda vöku sinni er hægt að skrifa greinar í þeim beina tilgangi. Þar á meðal að skrifa um gagnlegar bækur. En miklu skiptir að kynna og draga saman umræðu sem fram fer um margvísleg efni.

*Sálfræðiritið á að styrkja nema og unga sálfræðinga.*

Það mundi bæta *Sálfræðiritið* og gera það fýsilega lesningu fyrir býsna marga sálfræðinga ef kennarar (fastir og lausir) skrifuðu greinar með nemendur sína í huga. Þetta hefur ekki verið gert hingað til. Nauðsyn þess ætti að liggja í augum uppi. Við kennum ekki aðeins til BS-gráðu á Íslandi heldur hefur framhaldsnám sótt mjög í sig veðrið síðustu 15 árin. Ættu skriftir um sálfræðileg efni á íslensku ekki að breytast í samræmi við það? Ein tegund slíks efnis eru greinar sem eru beinlínis skrifaðar til nota við kennslu í sálfræði. Vafalaust hafa flestir sem stunda kennslu í sálfræði á öllum skólastigum saknað nothæfra ritgerða. Önnur tegund efnis eru greinar sem koma sér vel fyrir sálfræðinga sem eru að stíga fyrstu sporin í starfi.

*Sálfræðiritið á að leggja grunn að stefnumörkun og opinberum málflutningi sálfræðinga.*

Sálfræðingar hafa skyldur við samfélagið. Það er þeirra að upplýsa þjóðina og ráðamenn hennar um gildi og nauðsyn þeirrar þjónustu sem sálfræðingar hafa fram að færa. Það er þeirra sjálfra að gagnrýna og setja fram valkosti í sálfræðiþjónustu þar sem það á við. Til þess að vinna að slíkri stefnumörkun og leggja grunn að kröftugum málefnalegum málflutningi þarf traustan heimildagrunn og rök. Hér ætti *Sálfræðiritið* að þjóna hlutverki.



*Sálfræðiritið á að vera ein af meginstöðum sammfélags sálfræðinga á Íslandi.*

Sálfræðiritið getur gengt þýðingarmiklu hlutverki í því að tengja sálfræðinga saman og efla þá sem faglega stétt og hugsjónafélag mannúðar og mannræktar. Rétt er að setja *Sálfræðiritið* í samhengi við það göfuga verk að byggja upp og styrkja samfélag sálfræðinga á Íslandi. Þyngdarpunktur þessa samfélags eru háskóladeildirnar, stofnanirnar þar sem sálfræðingar starfa í hópum, haustfundir og þing sem *Sálfræðingafélagið* stendur fyrir. *Sálfræðiritið* ætti að verða ein stoðin til viðbótar. Til þess þarf félagslega herkvaðningu og eldmóð.

## Heimildir

- Einar Guðmundsson (1988). Taugasálfræðileg prófun barna. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 10(2), 48-54.
- Einar Guðmundsson, (1991). Áreiðanleiki og túlkun niðurstaðna á sálfræðilegum prófum: Vikmörk. *Sálfræðiritið*, 2, 113-114.
- Einar Guðmundsson og Júlíus K. Björnsson (1995). *Handbók Sálfræðiritisins*. Reykjavík: Sálfræðingafélag Íslands.
- Einar Gylfi Jónsson (1987). Unglingar í vímuefnavanda. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 9(3), 29-34.
- Evald Sæmundsen (1989). MBD. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 11(1), 5-14.
- Greтар Marinósson (1987). Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta í öldudal: Áskorun um frumkvæði að forystu. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 9(3), 3-11.
- Guðjón Bjarnason, Sigurður J. Grétarsson og Garðar Víborg (1988). Störf sálfræðinga fyrir barnaverndaryfirvöld. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 10(1), 5-20.
- Guðmundur Arnkelsson (1988). Sálfræðileg próf. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 10(2), 4-32.
- Inga Hrefna Jónsdóttir, Ingunn Hansdóttir, Ragnar P. Ólafsson, Sigurrós Jóhannsdóttir, Hákon Sigursteinsson og Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir (2013). Mælitæki og sálfræðileg próf í notkun hjá sálfræðingum á Íslandi: Rafræn könnun prófanefndar Sálfræðingafélags Íslands. *Sálfræðiritið*, 18, 93-102.
- Jakob Smári (1989). „Spegill, spegill...“ Um sjálfsvitundarhugtak Duval og Wicklund. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 11(1), 35-44.
- Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli Guðjónsson (2009). Réttarsálfræði á Íslandi. *Sálfræðiritið*, 14, 7-23.
- Jörgen Pind (2003). Sálfræðikennsla í Háskóla Íslands 1911-2001. *Sálfræðiritið*, 8, 9-19.
- Sigurður J. Grétarsson (2012). Sálfræðingar í fjölmíðlum: Umhugsunarefni og tillögur. *Sálfræðiritið*, 17, 81-85.
- Sölvína Konráðs (1989). Rannsókn á starfsánægju kenna í þrem hefðbundnum og þrem óhefðbundnum kvennastörfum. *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 11(1), 45-56.